

Fundargerð

Fundur með þeim sem nýta Þjórsárdal fyrir hjólaferðir

Fjarfundur haldinn á Teams 16. Mars 2021 kl: 14:00 - 15:00

Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Uggi Ævarsson, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands
- ✓ Evlalía Kolbrún Ágústsdóttir, bachelor nemi
- ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar
- ✓ Haukur Eggertsson, fulltrúi landssambands hjóleiðamanna
- ✓ Davíð Þór Sigurðsson, fulltrúi landssambands hjóleiðamanna
- ✓ Magne Kvam, fulltrúi landssambands hjóleiðamanna

Dagskrá:

1. Samráð – af hverju er þessi fundur hér í dag?
 2. Stjórnunar- og verndaráætlun – auglýsing um friðlýsingu.
 3. Kort sem hafa verið unnin á vegum sveitarfélags í tengslum við útivistarskipulag svæðisins.
 4. Aðrar umræður.
 5. Næstu skref.
-
1. Hákon fór yfir hvernig samráði er háttað og af hverju við erum stödd hér í dag á sérstökum fundi.
 2. Þórdís fór yfir gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og ferli vinnunnar. Einnig fór hún yfir auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og þann kafla sem fjallar um ferð og dvöl, þ.m.t. hjólaferð. Í 15. gr. auglýsingarinnar „segir: Umferð reiðhjóla er aðeins heimil á þar til gerðum hjólastígum og vegum samkvæmt skipulagi svæðisins“.
 3. Hákon fór yfir kort af friðlýsta svæðinu – innan svæðisins eru náttúrvætti, Hjálparfoss, Gjáin, Háifross og Granni. Hákon útskýrir að það sem þarf að gera er að skilgreina allar, göngu, reiðleiðir og hjólaleiðir.
 4. Umræður.
 - a. Hjólaafólk vill helst halda sig á stígum og nota stíga, hvort sem það eru vegir, slóðar og einstígi..
 - b. Fulltrúar hjóleiðafólks vilja hafa þann möguleika á að almennt megi nota stíga, án þess að það þurfi að skilgreina sérstaklega að sá stígur sé fyrir hjólandi
 - c. Fulltrúar hjóleiðasamtaka sögðu að gott væri að hafa inn á korti þær hjólaleiðir sem eru hentugar, sleppa þá leiðum sem eru þess eðlis að engum er neinn greiði gerður

að fara þá leið, en að kortið væri samt ekki tæmandi listi yfir allt sem mætti hjóla. Heldur frekar að í grunninn ætti að mega hjóla allar skilgreindar gönguleiðir.

- d. Fundarmenn sammála um að umferð hjólandi í Gjúnni sé takmörkuð.
- e. Ein af vinsælum leiðum er á milli Háafoss og Stangar
- f. Umræður um að setja ætti mögulega reglur um hjólandi umferð þegar umferð gangandi er mikil.
- g. Rætt var þessi skylda Umhverfisstofnunar að auka aðgengi og vísuðu fulltrúar hjólræiðafólks í lög um náttúruvernd. Þá var það tekið fram aðlangflestir geta farið gangandi – þar er grunnurinn.
- h. Menn ekki sammála því að banna hjólandi umferð niður að Hjálparfossi, þar sem þar er góð leið fyrir hjólastóla, frekar að fólk myndi taka tillit.
- i. Umræður um gönguleiðina upp að Stöng frá bílastæði, þar er fín og breiður stígur – væri gott að setja upp skilti um tillitssemi, gangandi fólk á alltaf réttinn.
- j. Meginreglan er sú að gangandi umferð eigi forgang.
- k. Umræður um ólíka hjólahópa eins og jaðarsportið – menn sammála um að svoleiðis hjólasport á ekki heima á svona svæðum.

Næstu skref:

- Umhverfisstofnun sendir fulltrúum kort og gerir tillögur að stefnumörkun.
- Vinna stendur yfir í að skilgreina allar gönguleiðir og þar með hjólaleiðir.
- Umhverfisstofnun boðar til annars annars samráðsfundar þegar drög að korti eru klár.